



14. stjórnarfundur LH
8. september 2021 kl. 15:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir, Stefán Logi Haraldsson, Gréta V. Guðmundsdóttir og Hákon Hákonarson úr aðalstjórn og Aníta Aradóttir, Lilja Björk Reynisdóttir, Einar Gíslason og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn

Fjarverandi: Siguroddur Pétursson og Eggert Hjartarson úr aðalstjórn og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 13. fundar
2. Áreiti og ofbeldi innan íþróttahreyfingarinnar
ÍSí er að hefja vinnu við að uppfæra aðgerðaráætlun og verkferla. Nauðsynlegt er að stjórn LH setji sér skýrt verklag sem gripið verði til ef upp koma mál er varða ofbeldi og áreiti meðal stjórnarmanna, nefndarmanna, starfsfólks og afreksfólks á vegum LH.
Afgreiðsla: Skrifstofu falið að leiða þessa vinnu með stuðningi Sóleyjar og Guðna og leita til ÍSí og annarra félaga innan íþróttahreyfingarinnar.
3. Íslandsmót barna og unglunga
Framkvæmdanefnd Íslandsmóts barna og unglunga hjá Hestamannafélaginu Sörla telur sig hafa fengið ragnar upplýsingar frá LH um að mótið yrði að vera WR mót. Farið er fram á að LH taki þátt í kostnaði við erlendan dómara.
Afgreiðsla: Beiðni um styrk hafnað. Beiðni um styrki til mótahalds þarf að liggja fyrir áður en mótið hefst.
4. Reiðvegahandbók – endurskoðuð útgáfa
Endurskoðuð útgáfa Reiðvegahandbókar er tilbúin til útgáfu. Bókin er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og reiðveganefndar LH og leiðbeinandi um gerð og uppbyggingu reiðstíga.
Afgreiðsla: Samþykkt að gera uppfærða handbók aðgengilega á vef og kynna vel á samfélagsmiðlum. Stjórn þakkar þeim sem stóðu að þessari endurútgáfu og fagnar útgáfu hennar.
5. Könnun um HM – frá FEIF
FEIF er að hefja vinnu við að endurskoða fyrirkomulag heimsmeistaramóta íslenska hestsins og hefur í því skyni sent út könnun um HM til aðildarlanda. Óskað er svara fyrir 15. september. Einnig eru fyrirhugaður fundur í september með fulltrúum aðildarlanda og setja á saman vinnuhóp sem mun undirbúa tillögur fyrir FEIF þing um breytingar á HM. HM verður aðal umræðuefni FEIF þings í febrúar.
Afgreiðsla: Formanni landsliðsnefndar, formanni LH og framkvæmdastjóra falið að svara spurningalistanum.



6. Norðurlandamót 2022

Fyrirhugað er að halda Norðurlandamót 2022 í Álandseyjum. Góð aðstaða er á þessum stað bæði fyrir keppendur og áhorfendur og vel staðsett með tilliti til flutninga á hrossum.

Afgreiðsla: Til kynningar.

7. Stefnumótun afreksmála

Í haust eru liðin þrjú ár frá því að breytingar voru gerðar á skipulagi afreksmála LH og landsliðshópar voru skipaðir á ársgrundvelli. Samningar við landsliðsþjálfara eru lausir. Til stendur að fá stefnumótunarráðgjafa til aðstoðar við að rýna hvernig til hefur tekist og móta stefnu til næstu ára og skilgreina hlutverk landsliðsnefndar, þjálfara og starfsmanna í afreksmálum.

Afgreiðsla: Til kynningar.

8. Auglýsing fyrir Íslandsmót 2022

Í reglugerð um Íslandsmót segir: „Stjórn LH ákveður hvar Íslandsmót í hestaíþróttum skuli haldið hverju sinni. Umsókn um Íslandsmót skal berast til keppnisnefndar fyrir 1. október á árinu fyrir mót. Keppnisnefnd tekur umsóknir til umfjöllunar og leggur til við stjórn hvar Íslandsmót skuli haldið. Ef engar umsóknir berast hefur stjórn vald til að ganga til samninga við þá mótshaldara sem stjórn kýs að semja við. Stjórn LH og mótshaldari skulu undirrita samning um Íslandsmót fyrir 1. desember á árinu fyrir mótið“. Íslandsmót 2022 skal halda 21. til 24. júlí.

Afgreiðsla: Samþykkt að auglýsa eftir umsóknum um að halda Íslandsmót fullorðinna og ungmenna og Íslandsmót barna og unglinga með umsóknarfrest 1. október.

9. Saga Fáks – beiðni um styrk

Fákur vinnur að útgáfu sögu félagsins í tilefni 100 ára afmælis Fáks, höfundur er Helgi Sigurðsson dýralæknir og sagnfræðingur. Óskað er eftir 50.000 kr. styrk og fá allir styrkveitendur eintak af bókinni.

Afgreiðsla: Samþykkt.

10. Gæðingamót Íslands – beiðni frá GDLH um styrk

GDLH hefur frá árinu 2019 staðið að framkvæmd Gæðingamóts Íslands, fyrstu tvö árin var mótið haldið í samstarfi við hmf.Geysi en nú í ár var mótið haldið í samstarfi við hmf. Sörla. Mótið er eins og er óformlegt Íslandsmót í gk. en stofnuð hefur verið nefnd innan LH sem að kemur til með að búa til reglugerð um mótið þannig að til verði Íslandsmót í gk. GDLH hefur staðið að mótinu með beinum stuðningi fjárhagslega með félögunum í mótahaldinu, fyrir mótið í ár gekk ekki vel að ná í styrktaraðila, nè heldur að koma mótinu fyrir inn á sumrinu sökum þéttrar dagskrár annarra móta, og skamms fyrirvara á mótinu í ár. GDLH óskar hér með eftir styrk frá Landssambandi Hestamannafélaga að upphæð 200.000 til þess að standa straum af kostnaði við síðastliðið mót sem og mótin á undan.

Afgreiðsla: Starfshópur um Íslandsmót í gæðingakeppni hefur verið skipaður og hefur störf á næstu vikum. LH mun skoða aðkomu að Íslandsmóti í gæðingakeppni þegar tillögur um Íslandsmótið hafa verið mótaðar.



11. Menntaráðstefna menntanefndar LH

Menntanefnd LH stendur fyrir menntaráðstefnu á netinu í haust. Fyrirlesarar eru fjórir á jafn mörgum kvöldum og í lokin verða pallborðsumræður. Ráðstefnan gildir til endurmenntunar fyrir reiðkennara. Búist er við mikilli þátttöku og vonast er til að ráðstefnan standi undir sér fjárhagslega en menntanefnd óskar eftir stuðningi stjórnar til að halda ráðstefnuna.

Afgreiðsla: Samþykkt.

12. Haustviðburðir

a. Formannafundur

b. Uppskeruhátíð

Formaður leggur til að formannafund og uppskeruhátíð verði haldin á sama degi, laugardaginn 30. október. Formenn boðaðir til fundar að morgni og dagurinn endi með boði á verðlaunaafhendingu og standandi boði milli kl. 18 og 20. Athuga með útsendingu frá verðlaunaafhendingu í samstarfi við Alendis.

c. Nefndakvöld - ákveða dagssetningu á vinnuhelgi.

d. Vinnuhelgi stjórnar – Laugardaginn 9. október í Skagafirði.

13. Önnur mál

a. Þolkappreið – Allir þátttakendur eru boðaðir til rýnifundar 16. september.

b. Kæra til dómstóls ÍSÍ – Fyrirtaka í máli 6/2021 hjá Dómstóli ÍSÍ er fimmtudaginn 9. septber.

c. Valnefnd – Valnefnd er að störfum og mun skila tillögum til stjórnar í byrjun október.

Fundi slitið kl. 17.06